

Áherslur Visku – stéttarfélags

Lagðar fram á aðalfundi Visku 29. apríl 2025

Inngangur

Ísland býður upp á framúrskarandi lífskjör og sterkan grunn fyrir gott líf. En áskoranir framtíðarinnar, svo sem örar tæknibreytingar, alþjóðavæðing og breyttar þarfir vinnumarkaðarins, kalla á skýra forgangsröðun og öfluga hagsmunagæslu frá málsvörum launafólks.

Áherslur Visku eru leiðarljós þess sem félagið berst fyrir – auknum kaupmætti og betri lífskjörum. Stéttarfélög þurfa að vera öflugir málsvarar félagsfólks, ekki aðeins á tíma kjaraviðræðna heldur alla daga, með því að horfa heildstætt á áskoranir sem þjóðfélagið stendur frammi fyrir og taka virkan þátt í samfélagsumræðunni.

Áherslur Visku skiptast í fimm málaflokka sem saman mynda heildstæða sýn á velferð félagsfólks:

- 1 Kaupmáttur og velferð**
- 2 Vinnumarkaður og starfsumhverfi**
- 3 Jafnrétti og jöfn tækifæri**
- 4 Menntun og fræðsla**
- 5 Umhverfi og sjálfbærni**

Viska endurskoðar áherslur sínar reglulega til að bregðast við breyttum aðstæðum og mótar aðgerðir á grunni þeirra. Með markvissum aðgerðum byggðum á skýrum áherslum hyggst Viska mæta þeim áskorunum sem framtíðin ber í skauti sér.

Kaupmáttur og velferð

Kaupmáttur er grunnstoð efnahagslegs öryggis, farsældar og lífsgæða. Þrátt fyrir að kaupmáttur á Íslandi sé mikill í alþjóðlegum samanburði stendur hagkerfið frammi fyrir töluverðum áskorunum í að viðhalda efnahagslegu öryggi og velferð.

Laun endurspeglar ekki enn raunverulegt verðmæti starfa og virði menntunar endurspeglar ekki í launasetningu, sérstaklega í kvenlægum störfum á opinbera markaðnum. Á sama tíma er ágóða af náttúruauðlindum þjóðarinnar misskipt og ósanngirni ríkir í skattlagningu milli þeirra sem hafa tekjur af fjármagni og þeirra sem hafa tekjur af launum. Millitekjufólk greiðir meginþorra skatta en fær minnst úr tilfærslukerfum. Kynslóða- og eignaójöfnuður vex hratt og takmarkað framboð af hagkvæmu húsnæði kemur illa niður á ungu fólki og aðfluttum. Mörg standa frammi fyrir óviðráðanlegri greiðslubyrði í hlutfalli við ráðstöfunartekjur.

Mikilvægt er að kaupmáttur aukist samhliða bættum efnahag og skattbyrði sé réttlátt dreift. Tryggja þarf afkomu- og húsnæðisöryggi á mismunandi æviskeiðum og standa vörð um velferðar- og lífeyriskerfið, sem gegnir lykilhlutverki í að jafna efnahagslegar og félagslegar aðstæður frá barnæsku til elliára.

Framtíðarsýn Visku í málaflokki kaupmáttar og velferðar er:

1. Að kaupmáttur ráðstöfunartekna vaxi í takt við hagvöxt.
2. Að virði menntunar endurspeglar betur í launasetningu.
3. Að skattbyrði sé réttlátar dreift, milli þeirra sem hafa tekjur af fjármagni og þeirra sem hafa tekjur af launum.
4. Að samspil almannatrygginga og lífeyrissjóða verði endurskoðað með það fyrir augum að draga úr tekjutengingum.
5. Að tilfærslukerfin verði betur aðlöguð að þörfum barnafjölskyldna, meðal annars með eflingu barnabótakerfisins.
6. Að framfærsluöryggi í fæðingarorlofi sé aukið með hækkun hámarksgreiðslna.
7. Að bilið milli fæðingarorlofs og dagvistunar verði brúað með fjölgun dagvistunarúrræða og auknum sveigjanleika til að mæta þörfum barnafjölskyldna.
8. Að framboð af hagkvæmu húsnæði til kaups og leigu sé aukið svo fjöldi íbúða á hvern íbúa ná meðaltali annarra Norðurlanda.
9. Að stuðningur við þau sem búa við íþyngjandi húsnæðiskostnað verði aukinn.

Vinumarkaður og starfsumhverfi

Kjarasamningsbundin réttindi eru afrakstur áratuga baráttu verkalýðshreyfingarinnar. Miklu skiptir að þau séu varin á vinnumarkaði sem taka mun örur breytingum með tilkomu fjölbreyttra ráðningarforma, gervigreindar og sjálfvirknivæðingar.

Víða er vegið að réttindum launafólks með beinum- og óbeinum hætti. Dæmi eru um að atvinnurekendur sniðgangi kjarasamningsbundin réttindi, til dæmis með því að nýta sér gerviverktöku eða tímabundin ráðningarform, greiða undir lágmarkslaunum eða með því að vanvirða ákvæði um vinnutíma, veikindi eða orlof. Félagsleg undirboð eru tíð og vinnuvernd ábótavant á mörgum vinnustöðum. Áreitni, einelti og ofbeldi viðgengst enn og mörg starfa í umhverfi sem hefur neikvæð áhrif á líkamlegt og andlegt heilbrigði.

Mikilvægt er að haldið sé áfram á þeirri vegferð að efla réttindi launafólks í kjarasamningum og að brugðist sé af festu við allri framvindu sem ógnað getur þeim kjörum sem áratugabarátta verkalýðshreyfingarinnar hefur skilað.

Framtíðarsýn Visku í málefnum vinnumarkaðar og starfsumhverfis er:

1. Að launasetning endurspegli verðmæti og inntak starfa, óháð kyni, aldri, uppruna eða öðrum þáttum.
2. Að prósentuhækkningar verði meginreglan í kjarasamningum, nema hjá þeim hópum sem lítils launaskriðs njóta.
3. Að 36 klukkustunda vinnuvika verði lögfest.
4. Að sveigjanleiki í vinnutíma verði aukinn, meðal annars með því að tryggja rétt til fjarvinnu.
5. Að veikindaréttur verði útvíkkaður til að ná yfir alvarleg veikindi og fráfall nákominna sem og veikindi barna til 18 ára aldurs, í samræmi við 1. gr. barnalaga og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
6. Að vinnumarkaðslöggjöf verði aðlöguð að óhefðbundnum ráðningarsamböndum, svo sem fólki í fjarvinnu, sjálfstæðum verktökum og fólki sem vinnur í „gigg hagkerfinu“.
7. Að aðgengi að símenntun og starfsþjálfun verði aukið til að undirbúa starfsfólk fyrir breyttar kröfur vinnumarkaðarins.
8. Að öryggi gegn áreitni, einelti og ofbeldi á vinnustað verði tryggt með skýrum verkferlum, faglegum úrræðum og vinnuverndaráætlunum.

Jafnrétti og jöfn tækifæri

Jafnrétti og jöfn tækifæri eru grunnforsendur velferðar í réttlátu samfélagi. Hvers kyns mismunun, hvort sem hún byggir á kyni, uppruna, líkamlegu atgervi eða öðrum þáttum, er ólíðandi.

Þrátt fyrir að staða Íslands á sviði jafnréttis sé um margt öfundsverð er töluverð vinna enn óunnin. Hefðbundin kvennastörf eru almennt metin til lægri launa en hefðbundin karlastörf og ævitekjur kvenna eru lægri en ævitekjur karla, þegar tekið er mið af atvinnu-, fjármagns- og lífeyristekjum. Félagsleg og efnahagsleg staða innflytjenda er verri en staða innfæddra, sem birtist í lakari kjörum, minna atvinnuöryggi, færri atvinnutækifærum og félagslegum hindrunum. Kerfisbundnar hindranir á vinnumarkaði draga úr þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu og atvinnu- og virkniúrræði fyrir fatlað fólk eru takmörkuð.

Mikilvægt er að unnið sé gegn mismunun á breiðum grunni. Jöfn tækifæri með tilliti til félagslegs og efnahagslegs hreyfanleika er mikilvægasta verkefni samtímans.

Framtíðarsýn Visku í málaflokki jafnréttis og jafnra tækifæra er:

1. Að ómálefnalegum launamun á opinberum og almennum vinnumarkaði verði útrýmt.
2. Að munur á ævitekjum karla og kvenna með tilliti til atvinnu-, fjármagns- og lífeyristekna verði upprættur.
3. Að innflytjendum á vinnumarkaði verði tryggð jöfn tækifæri á við innfædda þegar kemur að atvinnutækifærum og menntun.
4. Að atvinnurekendur tryggi betra aðgengi að og aðlögun á vinnustöðum fyrir fatlað fólk, í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna. Virkniúrræði skulu aðeins vera nýtt þegar ljóst er að allir möguleikar á fullri þátttöku á vinnumarkaði hafa verið kannaðir.
5. Að komið sé á virkri fræðslu og þjálfun fyrir atvinnurekendur og starfsfólk til að uppræta staðalímyndir, fordóma og hvers kyns mismunun.
6. Að atvinnurekendur séu hvattir til að innleiða jafnréttisáætlanir og þróa lífandi verkferla til að tryggja jafnrétti og fjölbreytni á sínum vinnustað.
7. Að tryggt sé að sveigjanleg starfsskilyrði séu í boði fyrir foreldra og umönnunaraðila, svo samræma megi atvinnu- og fjölskyldulíf án þess að skerða starfsframa eða tekjur.

Menntun og fræðsla

Menntun er undirstaða nýsköpunar, framþróunar og velmegunar í samfélaginu. Hún eflir einstaklinga, bætir lífsgæði og skapar grundvöll fyrir aukna framleiðni og sjálfbæran hagvöxt. Jafnt aðgengi að menntun er lykilþáttur í að bæta lífsskilyrði á Íslandi til framtíðar.

Tryggja þarf að gæði menntunar standist alþjóðleg viðmið og að menntakerfið þróist í takt við hraðar samfélagsbreytingar. Laun í störfum menntaðra þurfa að endurspeglar fjárfestingu þeirra í menntun og umbuna þarf ríkulega fyrir ábyrgð og reynslu. Námslánakerfið þarf að vera sveigjanlegt og gera fólki kleift að stunda nám óháð aldri eða stöðu. Atvinnurekendur þurfa að styðja við sí- og endurmenntun starfsfólks í auknum mæli, svo fólk geti tileinkað sér nýja þekkingu og undirbúið sig fyrir áskoranir framtíðar. Gæta þarf þess að menntun innflytjenda fái viðeigandi viðurkenningu, íslensku samfélagi til hagsbóta.

Mikilvægt er markviss skref verði stigin í að bæta gæði menntunar og tryggja jafnt aðgengi. Minnka þarf misræmi milli þess sem atvinnulífið þarfnast og fólk menntar sig til.

Framtíðarsýn Visku í málaflokki menntunar og fræðslu er:

1. Að stjórnvöld móti heildstæða menntastefnu sem uppfærð er reglulega og tekur mið af þörfum vinnumarkaðar.
2. Að menntun hér á landi standist alþjóðleg viðmið með áherslu á gæði kennslu og rannsóknna.
3. Að fjármögnun háskólastigsins verði færð til jafns við meðaltal annarra Norðurlanda.
4. Að dregið verði úr endurgreiðslubyrði námslána. Námslán skyldu falla niður eftir 20 ár og við töku eftirlauna eða vegna varanlegrar örorku eða veikinda.
5. Að fólki sé gert kleift að sækja sér sí- og endurmenntun í auknum mæli og að sveigjanleiki til að stunda nám samhliða vinnu verði aukinn.
6. Að ferlið við viðurkenningu erlendra menntunargráða verði einfaldað, án þess að slegið sé af kröfum til gæða og hæfni.
7. Að innflytjendum verði tryggt aukið aðgengi að íslenskufraeðslu.

Umhverfi og sjálfbærni

Loftslagsbreytingar af mannavöldum eru meðal stærstu áskorana sem mannkynið stendur frammi fyrir. Þær hafa víðtæk áhrif á vistkerfi, efnahag og lífsgæði um heim allan. Markvissar aðgerðir í loftslagsmálum og nýsköpun á sviði grænna lausna skipta lykilmáli í baráttunni við loftslagsbreytingar.

Til að koma í veg fyrir óþarfa kolefnislosun og draga úr afleiðingum þeirrar losunar sem nú þegar hefur átt sér stað þurfa allir angar samfélagsins að leggjast á eitt. Þetta felur í sér breytingar á lögum, viðhorfum og samfélagsvenjum meðal fólks og fyrirtækja, svo að sjálfbærni verði leiðarljós í daglegum athöfnum og ákvarðanatöku. Tryggja þarf að kostnaður samfélagsins vegna loftslagsaðgerða og loftslagsbreytinga falli ekki einhliða á launafólk og þau sem tekjulægri eru. Atvinnurekendur og stjórnvöld þurfa að leggja sitt af mörkum í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, meðal annars með því að taka virkari þátt í hringrásarhagkerfi, styðja við sveigjanleg störf og hvetja til vistvænna samgangna.

Mikilvægt er að gripið sé til aðgerða sem stuðla ekki aðeins að breytttri hegðun einstaklinga heldur breytttri hegðun stofnana og fyrirtækja. Öll þurfa að leggja sitt af mörkum fyrir umhverfið og framtíðina.

Framtíðarsýn Visku í málaflokki umhverfis og sjálfbærni er:

1. Að atvinnurekendur taki virkari þátt í hringrásarhagkerfinu, dragi úr kolefnislosun á breiðum grunni og séu sveigjanlegri þegar kemur að umhverfisvænum lausnum.
2. Að efnahagslegum byrðum vegna loftslagsaðgerða verði réttlátt dreift.
3. Að sett séu á viðurlög gegn þeim fyrirtækjum og stofnunum sem ekki uppfylla losunarskilyrði, meðal annars með skattlagningu.
4. Að hvatar til grænnar starfsemi séu auknir sem og stuðningur við græna nýsköpun í atvinnulífinu. Hvetja þarf atvinnurekendur til aukinnar þátttöku í grænni stefnumótun.
5. Að atvinnurekendur séu hvattir til að draga úr losun með með aukinni áherslu á störf án staðsetningar, fjarvinnu og auknum samgöngustyrkjum.
6. Að menntun og þekking á sviði sjálfbærni í íslenskum háskólum sé eflid. Aukin sérfræðiþekking er nauðsynleg til að bregðast við loftslagsvánni og afleiðingum hennar.